


17. maí 2018

Bréfalýkill: **o/o**

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar
b.t. Önnu Kristinsdóttur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 14. maí 2018
Tilvísun: 2018050831VS/-

Með vísan til símtals fyrr í dag, 14. maí 2018, milli undirritaðrar og Önnu Kristinsdóttur, mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar.

Í símtalinu kom fram að svar Persónuverndar, dags. 14. maí 2018, við erindi mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 3. maí 2018, hefði eingöngu varðað þá vinnslu persónuupplýsinga sem í erindinu greinir, nánar tiltekið hafi almennar leiðbeiningar verið veittar sem svar við eftirfarandi:

„Óskað er eftir heimild Persónuverndar til að senda smáskilaboð á þá kjósendur sem nú kjósa í fyrsta skipti í sveitastjórnkosningum, til að upplýsa þá um staðsetningu kjörstaðar og fyrirkomulags kosninga. Sendur verður hlekkur á upplýsingasíðu þar sem hver kjósendi getur séð sinn kjörstað og kjördeild. Reykjavíkurborg telur lága kjörsókn ungmenna í sveitastjórnarkosningum mikið áhyggjuefni og mikilvægt að leita allra leiða til að sporna við þeirri þróun. Texti smáskilaboðanna verður ákvarðaður sameiginlega af Reykjavíkurborg og rannsakendum, og þess sérstaklega gætt að ekki megi túlka innihaldið sem hvatningu til að kjósa á tiltekinn hátt.“

Í símtalinu var einnig tekið fram að leiðbeiningarnar ættu einungis við um þá vinnslu sem fyrirhuguð væri hjá Reykjavíkurborg en ekki hjá öðrum aðilum.

Í símtalinu kom fram að Persónuvernd hefðu aðeins verið veittar takmarkaðar upplýsingar með framangreindu erindi mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Samkvæmt mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar er fyrirhugað að senda ungum kjósendum ekki einungis smáskilaboð heldur jafnframt fjögur mismunandi bréf þannig að ein tegund bréfa verði send á unga kjósendur sem búa í einu tilteknu hverfi í borginni og önnur tegund á unga kjósendur í öðru hverfi o.s.frv. Upplýsingar um það hvaða bréf voru send á hvaða hverfi verði svo sendar frá Reykjavíkurborg

og notaðar með upplýsingum frá Hagstofu Íslands, eftir kosningar, um kosningabátttöku ungra kjósenda milli mismunandi hvetfa. Þessar upplýsingar verði keyrðar saman og unnar sem hluti af rannsókn á vegum Háskóla Íslands.

Með vísan til þessara upplýsinga óskar Persónuvernd eftir því að stofnuninni verði send öll þau mismunandi bréf sem fyrirhugað er að senda á unga kjósendur í Reykjavík fyrir komandi kosningar og öll þau gögn önnur sem málið varða. Einnig óskar Persónuvernd eftir upplýsingum um það hvert fyrirhugað er að senda hverja tegund af bréfunum, þegar upplýsingar um það liggja fyrir.

F.h. Persónuverndar,



Þórhur Sveinsson



Valborg Steingrimsdóttir
Valborg Steingrimsdóttir